



ÁFALLAÁÆTLUN 2022

Heilsuleikskólinn Hamravellir

Hvannavellir 1, 221 Hafnarfjörður
hamravellir@hafnarfjordur.is

Efnisyfirlit

Áfallateymi	2
Hlutverk áfallateymis	2
Áföll sem falla undir teymið	2
Ef slys eða veikindi verða í barnahópi leikskólans	3
Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni í leikskóla	3
Næstu skref	3
Andlát barns	3
Næstu skref	4
Alvarleg veikindi, slys eða andlát aðstandenda barna	4
Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns leikskólans	4
Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikinda starfsmanns í leikskólanum	4
Andlát starfsmanns leikskólans	5
Andlát maka eða barns starfsmanns leikskólans	5
Viðbrögð barna við missi	6
Bækur tengdar sorg	7
Listi yfir fræðslustjóra og aðra sem hafa á samband við þegar alvarlegt áfall verður	7

Áfallateymi

Teymið vinnur samkvæmt áfallaáætlun leikskólans. Í teyminu árið 2022 eru: Hildur Arnar skólastjóri, Agnes Ósk aðstoðarleikskólastjóri, Guðrún Erla sérkennslustjóri ásamt deildastjóra þeirra deildar er málið varðar hverju sinni.

Fundir eru haldnir einu sinni á önn en kemur alltaf saman þegar ástæða er til. Áfallateymi ræðir þau áföll sem upp koma og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Ef upp koma alvarleg slys eða áföll í sumarleyfi getur verið nauðsynlegt að kalla teymið saman og huga að viðbrögðum. Slys sem verða utan skólatíma fær sömu meðferð hjá áfallateymi leikskólans eins og þau sem gerast innan skólans. Halda skal fundagerðir þar sem skráð eru þau mál sem eru rædd og ákvarðanir teknar um.

Stjórnendur fara yfir bráðaupplýsingar og símanúmer starfsmanna á hverju hausti og jafn óðum eftir því sem nýir starfsmenn bætast í hópinn. Deildastjórar fara yfir bráðaupplýsingar barna og símanúmer foreldra/forráðamanna að hausti og þegar breytingar verða á barnahópnum. Bráðaupplýsingar þessar eru geymdar í tölvutæku formi.

Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið. Eins getur áfallateymið leitað til ráðgjafateymis vegna áfalla í Hafnarfirði, ef þörf er á frekari aðstoð eða ráðgjöf varðandi mál sem upp koma.

Hlutverk áfallateymis

- Áfallateymið bregst við þegar áfall verður líkt og veikindi, alvarleg slys, dauðsfall eða aðrir atburðir sem geta kallað fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.
- Áfallateymið fundar eins fljótt og auðið er.
- Áfallateymið sér til þess að allt starfsfólk sé upplýst um aðgerðir og/eða viðbúnað.
- Áfallateymið sér til þess að starfsfólk fái stuðning og hjálp.

Áföll sem falla undir teymið

- Alvarlegt slys (barna, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Alvarleg veikindi (barna, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Andlát (barna, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Ofbeldi gegn barni (aðstandenda þeirra eða starfsfólks).
- Eftir atvikum:
 - Breyttar fjölskylduaðstæður barna eða samstarfsfélaga (v. skilnaðar, vímuefnaneyslu, atvinnuleysis o.fl.).
 - Annað, eins og t.d.: þroskafrávik, vanræksla, foreldrasamskipti, hegðunarerfiðleikar, einelti.

Ef slys eða veikindi verða í barnahópi leikskólans

Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni í leikskóla

- Hringt í 112.
- Leikskólastjóri eða staðgengill hans tilkynnir foreldrum um slysið/veikindin. Ef um mjög alvarlegt slys eða dauðsfall er að ræða hefur lögregla samband við fjölskyldu.
- Ef foreldrar/forráðamaður hefur ekki tök á að fara með barni í sjúkrahús, fer deildastjóri eða staðgengill hans.
- Leikskólastjóri aflar sér upplýsingar um slysið/veikindin og gefur lögregluskýrslu ef við á.
- Leikskólastjóri boðar áfallateymi saman til að ræða næstu skref og skipta með sér verkum.

Næstu skref

- Starfsfólki leikskólans er tilkynnt um slysið/veikindin. Foreldrar á deild barnsins fá upplýsingar ef þörf er talin á, í samráði við viðkomandi fjölskyldu.
- Passa að enginn fari heim með villandi upplýsingar og ítreka mikilvægi trúnaðar.
- Börnunum sagt frá hver hafi slasast/veikst og þeim gefið tækifæri á að ræða atburðinn.
- Áfallateymi sér til þess að upplýsingum um líðan barnsins berist til starfsmanna.
- Athuga hvort heimsóknir til barnsins séu mögulegar eða heppilegar.
- Undirbúa þarf alla á deildinni fyrir hvernig skuli taka á móti barninu þegar það snýr aftur í leikskólann. Viðkomandi barni sýnd sérstök athygli næstu vikur.

Andlát barns

Allar aðgerðir leikskólans skal bera undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.

- Leikskólastjóri aflar sér upplýsingar um andlátíð.
- Leikskólastjóri tilkynnir fræðslustjóra um andlátíð.
- Leikskólastjóri gætir þess að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnina sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Áfallateymi skólans kallað saman sem tilkynnir starfsfólki leikskólans um dauðsfallið.
- Passa að enginn fari heim með villandi upplýsingar og ítreka mikilvægi trúnaðar.
- Áfallateymi kallar út sóknarprest til samráðs og bænafundar.
- Áfallateymi hringir í þá foreldra sem málið varðar og tilkynnir andlátíð og boðar jafnframt í bænafund með sóknarpresti í leikskólanum.
- Deildastjóri hvernar deildar hringir í alla foreldra sinnar deildar.
- Starfsfólk segir börnunum frá andlátinu í samráði við prest, ef við á. Hlúð er að börnunum á deildinni eins og hægt er með aðstoða foreldra.
- Tekið er tillit til trúarbragaða viðkomandi fjölskyldu.
- Fáni er dreginn í hálfu stöng við leikskólann þegar búið er að tilkynna starfsfólki, foreldrum og börnum um andlátíð.

Næstu skref

- Æskilegt er að deildastjóri sé á deildinni það sem eftir er skóladags.
- Hafa logandi kerti á deildinni.
- Börnum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn (lífið og dauðann).
- Sóknarprestur og skólastjórnenndur og/eða skólasálfræðingur aðstoða ef þörf er á.
- Börnin upplýst um það hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðaför. Gott er að fá aðstoð sóknarprests.
- Deildin útbýr samúðarkveðju og/eða skrifar minningagrein.
- Eigur barnsins eru fjarlægðar smátt og smátt af deildinni, fatahólfíð tæmt og allt sett í merktan kassa.
- Fulltrúar leikskólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi barns með samúðarkveðju á næstu dögum.
- Mikilvægt að hlúa að starfsfólki leikskólans.

Alvarleg veikindi, slys eða andlát aðstandenda barna

Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir forráðamenn barnsins til samþykkis og mikilvægt að hafa þau með í ráðum frá upphafi.

- Skólastjórnenndur eða deildastjóri fá staðfestingu á veikindum/slysi hjá forráðamanni barns.
- Upplýsingum komið til starfsmanna deildarinnar sem fyrst auk annarra sem málið varðar.
- Áfallateymi og viðkomandi deildastjóri funda um málið og ákveða í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.
- Aðilar úr teyminu aðstoða deildastjórann við að undirbúa deildina til þess að taka á móti barninu.

Alvarleg veikindi eða slys starfsmanns leikskólans

Leikskólastjóri ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli um veikindin eða slysið. Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri sem gefur upplýsingar um málið.

Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikinda starfsmanns í leikskólanum

- Hringt á sjúkrabíl 112.
- Leikskólastjóri lætur aðstandendur starfsmanns vita. Ef slysið er alvarlegt sér lögregla um að tilkynna aðstandendum um slysið.
- Leikskólastjóri aflar sér upplýsinga um málið og skrifar slysskýrslu.
- Áfallateymi leikskólans er kallað saman og ákveður hvernig farið er með málið innan leikskólans.
- Leikskólastjóri lætur fræðslustjóra vita um slysið/veikindin.

Andlát starfsmanns leikskólans

- Leikskólastjóri fær upplýsingar um andlátíð.
- Leikskólastjóri tilkynnir fræðslustjóra um andlátíð.
- Áfallateymi leikskólans er kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.
- Áfallateymið sér um að tilkynna andlátíð til foreldra viðkomandi deildar og ákveður hvernig tilkynna skuli börnunum um andlátíð.
- Áfallateymið sér um að tilkynna þeim starfsmönnum sem fjarri eru.
- Gæta þess að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnirnar sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Setja af stað samverustund með öllu starfsfólki og sóknarpresti samdægurs, eða eins fljótt og hægt er.
- Fáni er dreginn í hálfu stöng við leikskólann þegar búið er að tilkynna starfsfólki, foreldrum og börnum um andlátíð.

Andlát maka eða barns starfsmanns leikskólans

- Leikskólastjóri fær staðfestar upplýsingar um andlátíð.
- Áfallateymi upplýsir starfsfólk um andlátíð.
- Gæta þarf þess að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við leikskólann fái fregnirnar sérstaklega en ekki yfir hópinn.
- Flagga í hálfu stöng.
- Starfsfólk leikskólans sendir samúðarkveðju til viðkomandi starfsmanns og fjölskyldu hans.

Viðbrögð barna við missi

Fyrstu tilfinningaviðbrögð barna við missi.

- Þeim er brugðið.
- Eru efins og andmæla.
- Fá grátköst og reiðiköst.
- Bregðast við með spurningaflóði.
- Eru eins og dofin tilfinningalega.
- Halda sínu striki eins og ekkert hafi gerst.

Algeng tilfinningaviðbrögð þegar frá líður.

- Kvíði.
- Myrkfælni.
- Óttast um nánustu ættingja.
- Þora ekki að vera ein.
- Leiði, söknuður og sorg.
- Sektarkennd, sjálfsásökun og skömm.
- Reiði, þirringur og þörf fyrir athygli.
- Erfitt með svefn.
- Vandkvæði í félagahópnum.

Algeng líkamleg einkenni.

- Höfuðverkur.
- Svimi.
- Svitaaukning.
- Vöðvaspenna.
- Vöðvaslapleiki.
- Hjartsláttarköst.
- Andteppa.
- Meltingatruflanir.
- Þróttleysi.
- Viðkvæm fyrir hávaða.
- Framtaksleysi.

Bækur tengdar sorg

Til í leikskólanum.

- Ertu skræfa Einar Áskell.
- Tilfinningar – lífsspeki Bangsimons.
- Það á að lækna mig sagði Ponsi litli.
- Óskar og Helga – músasaga.
- Sigrún fer á sjúkrahús.
- Bara við tvö.
- Palli var einn í heiminum.
- Emma meiðir sig.
- Hjálparhendur.

Ekki til í leikskólanum.

- Það má ekki vera satt (þegar pabbi dó).
- Vinátta – lífsspeki Bangsimons.
- Mamma Siggú er með MS.
- Afi og ég tölum saman um dauðann.

Listi yfir fræðslustjóra og aðra sem hafa á samband við þegar alvarlegt áfall verður

Fanney Dórothe Halldórsdóttir – Fræðslustjóri.

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir – Þróunarfulltrúi leikskóla.

Eiríkur K. Þorvarðsson – Sálfræðingur.

Kjartan Jónsson – Sóknarprestur.